
F U N D A R G E R Ð

Fundur: 78. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Miðvikudagur 24. apríl 2002, kl. 13:00-14:30
Fundarstaður: Verkfræðistofan AFL, Bíldshöfða 14
Fundarefni: 1) Nordel gögn 2001.
2) Samantekt á stuðlum ársins 2001.
3) Breytingar á skráningu.
4) Dæmi í handbók.
5) Kostnaðarskipting.
6) Gæði raforku.
7) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START: Helga Jóhannsdóttir
Gunnar Haukur Gunnarsson
Steingrímur Jónsson
Kristín Haralda Cecilsdóttir
Jakob Ólafsson
Ólafur Pálsson
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

- 1) JV dreifði töflum með Nordel gögnum ársins 2001. Hann bað menn um að fara yfir tölurnar og senda sér athugasemdir. Hann sendir fundarmönnum einnig í tölvupósti Excel skjal með þessum gögnum og tölum einstakra veitna sem ganga inn í Nordel gögnin. Hann sagðist eiga eftir að fara betur yfir gögnin og mun gera það á föstudag og þá vildi hann fá athugasemdir til að geta sent þau síðan áfram til Nordel. HJ benti á að Nordel skýrsla fyrir 2000 væri á netinu en hún verður ekki gefin út á prenti.
- 2) JV fór yfir samantekt á stuðlum um afhendingu hjá veitunum fyrir síðustu ár. Gögn um orkunotkun og afl á síðasta ári eru ekki orðin endanleg svo um er að ræða bráðabirgðatölur fyrir 2001. Hann mun setja nýja útgáfu af skýrslu um stuðla út á netið þegar gögnin verða orðin endanlega og láta menn vita af því.

- 3) KHC sagði að þau hjá Orkuveitu Reykjavíkur vildu ekki gera breytingar nú á skráningarkerfinu þar sem slíkt gæti kallað á tímabundna erfiðleika við skráninguna. Þau ætla aðsetja upp leiðbeiningar varðandi færslur á ákveðnum tilvikum til að auveldara sé að vinna úr skýrslunum. JV bað um að fá slíkar leiðbeiningar þannig að þær gætu gengið inn í handbókina .
- 4) HJ hafði sent JV athugasemdir við dæmi sem dreift var á síðasta fundi. SF afhenti 4 dæmi frá Rarik. JV sagðist hafa fengið beiðni frá OV, Ragnari, um að setja inn dæmi um kolaskipti. JV mun ganga frá handbókinni og setja nýja útgáfu út á netið.
- 5) JV sagði að Landsvirkjun væri búin að samþykkja kostnaðarskiptinguna. SJ sagði að Rarik samþykkti hana, JÓ sagði að Orkubúið gerði það einnig og KHC sagði að Orkuveitan gerði það. JV ætlar að athuga með Hitaveitu Suðurnesja.
- 6) Ekkert hefur verið unnið varðandi gæði raforku frá síðasta fundi. HJ sagði að Landsvirkjun hefði verið að taka saman ýmislegt varðandi þau mál.

Fleira ekki gert. Næsti fundur 18. september 2002

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum: Töflur með drögum að Nordel gögnum 2001. (JV)